

Forseti Alþingis  
Sólveig Pétursdóttir  
Alþingi v/Austurvöll  
150 Reykjavík

16. október 2005

A-8  
SP/bb

Forseti Alþingis hefur að beiðni Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanns óskað eftir að Ríkisendurskoðun taki saman skýrslu um kaup ríkisstofnana og ráðuneyta á ráðgjöf og annarri sérfræðipjónustu síðustu fimm ár. Hér á eftir er leitast við að svara fyrirspurninni út frá þeim upplýsingum sem stofnunin hefur um þessi mál. Beðist er velvirðingar á hve lengi hefur dregist að svara erindinu.

### **Skýrsla frá árinu 2000 um úttekt á kaupum á sérfræðipjónustu**

Áður en lengra er haldið er ekki úr vegi að rifa upp það sem fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar, „Sérfræðipjónusta – Kaup ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðipjónustu“, frá maí 2000 og sem náði yfir tímabilið 1994-1998. Í henni kom fram að ríkisstofnanir keyptu í æ ríkari mæli margvíslega þjónustu af sjálfstætt starfandi sérfræðingum, svo sem viðhald hugbúnaðar og hugbúnaðargerð, tölvuvinnslu, öryggisgæslu, bókhald, kennslu og lækniþjónustu. Ennfremur margvíslega ráðgjöf sérfræðinga, eins og viðskiptafræðinga, lögfræðinga, verkfræðinga og arkitekta í tengslum við nánar afmörkuð verkefni. Fram kom í skýrslunni að á árinu 1998 hafi kostnaður ríkisins vegna kaupa á sérfræðipjónustu numið liðlega 2,0 milljörðum króna og hafði þá nærfellt tvöfaldast frá árinu 1994 á föstu verðlagi.

Í skýrslunni voru m.a. skoðuð kaup á ráðgjöf, sem ríkisaðilar í A-hluta ríkisreiknings keyptu í afmarkaðan tíma og fól að jafnaði í sér athugun á tilteknum vandamálum og tillögur að lausnum á þeim, aðstoð við þróun á nýjum kerfum eða nýjum möguleikum innan stofnunar, eða greiningu, ráðleggingu eða sérstakar rannsóknir. Fram kom að kostnaður ríkisstofnana vegna þess konar ráðgjafar nam 1.301 m.kr. á árinu 1998 eða um 64% alls sérfræðikostnaðar það ár. Flest voru þessi verkefni smá í sniðum, t.d. fengu aðeins 13,5% ráðgjafa greitt 500 þúsund kr. eða meira á árinu 1998 fyrir störf sín og aðeins 2,6% fengu greiddar 3 milljónir kr. eða meira.

Ástæðan fyrir kaupum á ráðgjafapjónustu var oftast sú að viðkomandi stofnun bjó ekki yfir þeirri sérfræðipækkingu, sem eftir var leitað, ellegar að þörf var á mati eða áliti óháðra aðila. Stofnanir töldu ávinning af starfi ráðgjafa að jafnaði fremur mikinn.

Á meðal niðurstaðna úttektarinnar var að ríkisstofnanir virtust ekki fara eftir samræmdum reglum eða leiðbeiningum við kaup á ráðgjöfinni. Verkefni ráðgjafa voru oft á tíðum illa skilgreind og verklýsingar því gjarnan ónákvæmari eða opnari en ella, einkum þó um þann tíma sem verja skyldi til verksins. Í langflestum tilfellum var ekki aflað tilboða nema frá einum ráðgjafa. Útboð á ráðgjöf, hæfnismat eða verðsamkeppni meðal ráðgjafa voru nær óþekkt innan ríkisgeirans nema þegar um var að ræða verklegar framkvæmdir. Innan við helmingur stofnana sem könnun Ríkisendurskoðunar náði til höfðu gert skriflegt samkomulag við ráðgjafa sem fyrir þær unnu. Þá komu fram vísbendingar um að umsjón með vinnu ráðgjafa hefði ekki verið nægjanlega markviss.

Ríkisendurskoðun taldi að í ljósi gildandi laga, reglugerðar og tilmæla stjórnvalda yrði að telja það engum vafa undirorpið að beita ætti útboðum eða verðkönnunum við kaup á vörum og þjónustu fyrir ríkið. Þannig væri hagkvæmstu kosta ætíð leitað auk þess sem jafnræði aðila væri tryggt með því að valið fari fram á sanngjarnan og málefnalegan hátt. Útboðsaðferðin væri jafnframt líkleg til þess að tryggja hlutleysi og trúverðugleika ráðgjafarinnar og efla þannig traust á henni. Í ljósi þess hve kostnaður ríkisins af ráðgjafabjónustu hefði vaxið á liðnum árum, taldi Ríkisendurskoðun bæði tímabært og eðlilegt að gefnar yrðu út viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar um kaup ríkisstofnana á ráðgjafabjónustu. Meginatriðin í slíkum reglum eða leiðbeiningum ættu að lúta að mati á þörf fyrir ráðgjöf, vali á ráðgjafa, stjórnun og eftirlit með vinnu ráðgjafa og loks mati á árangri ráðgjafarinnar.

### Kaup á sérfræðiþjónustu 1998-2003

Í bókhaldi ríkisins er ráðgjöf og önnur sérfræðiþjónusta að flokkuð eftir átta stærstu faghópum sem þjónustan er keypt af, t.d. verkfræðingar, tæknifræðingar og arkitektar. Á bilinu einn fjórði til einn þriðji af þjónustunni dreifist á aðra óskilgreinda hópa (tafla 1). Hægt er að sundurgreina þjónustuna nánar niður á ráðuneyti og stofnanir og að hluta til einnig eftir þeim aðilum sem þjónustan er keypt af.<sup>1</sup>

**Tafla 1. Keypt sérfræðiþjónusta árin 1998-2003**

Í m.kr.	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Viðskiptafræðingar, endurskoðendur og rekstrarráðgjafar	125	134	185	430	538	290
Lögfræðingar	255	308	361	378	434	513
Verkfræðingar, tæknifræðingar og arkitektar	557	745	847	1012	1211	1271
Læknar, hjúkrunarfr. og sjúkraþjálfarar	388	497	590	719	764	949
Sálfræðingar, félagsfræðingar o. fl.	23	32	39	48	57	65
Náttúru-, eðlis- og efnafræðingar	33	40	80	183	189	390
Þýðendur og túlkar	31	31	38	43	78	82
Dýralæknar	36	38	7	5	10	15
Önnur sérfræðiþjónusta	734	889	1083	985	1143	1612
Samtals	2182	2714	3230	3803	4424	5187

<sup>1</sup> Í bókhaldskerfi ríkisins, sem er í umsjá Fjársýslu ríkisins, er í um helmingi tilvika hægt að sjá af hvaða aðila (kennitölu) þjónustan er keypt. Ýmsar ríkisstofnanir færa sjálfar sitt bókhald og skila einungis samandregnum bókhaldsupplýsingum til Fjársýslunnar. Í þeim tilfellum hefur Fjársýslan ekki upplýsingar um af hverjum þjónustan var keypt.

Samtals keyptu ríkisaðila ráðgjöf og aðra sérfræðiþjónustu fyrir tæpa 5,2 ma kr. árið 2003. Kostnaður við aðkeypta sérfræðiþjónustu hefur vaxið ár frá ári og skýrist það annars vegar af hækkunum á gjaldskrá þeirra aðila sem selja ríkinu þjónustu og af því að keypt er meiri þjónustan en áður. Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um hvert vægi hvors þessara þátta er í kostnaðarhækkuninni. Það lætur nærri að ríkisaðilar hafi greitt um tvöfalt (92%) meira fyrir slíka þjónustu árið 2003 heldur en þeir gerðu árið 1998 þegar tekið er tillit til almennra verðlagsbreytinga. Hækkunin er talsvert minni á þessum sex árum eða um 70% ef miðað er við launavísitölu. Ef gengið er út frá því að launavísitalan endurspegli meðaltalshækkunar á gjaldskrá sérfræðinga keyptu ríkisstofnanir og ráðuneyti ríflega 2/3 meiri sérfræðiþjónustu árið 2003 en sex árum áður.

**Tafla 2. Keypt sérfræðiþjónusta árin 1998-2003, fast verðlag**

Í m.kr.	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Viðskfr., endurskoðendur og rekst. Ráðgjafar	155	160	211	460	549	290
Lögfræðingar	316	369	412	405	443	513
Verkfræðingar, tæknifræðingar og arkitektar	690	893	967	1.083	1.237	1.271
Læknar, hjúkrunarfr. og sjúkráþjálfarar	481	595	674	769	780	949
Sálfræðingar, félagsfræðingar o. fl.	29	38	44	52	59	65
Náttúru-, eðlis- og efnafræðingar	41	48	91	196	193	390
Þýðendur og túlkar	38	38	43	45	79	82
Dýralæknar	45	46	8	5	10	15
Önnur sérfræðiþjónusta	910	1.066	1.236	1.055	1.167	1.612
	2.704	3.254	3.686	4.069	4.517	5.186

Fjárhæðir eru á verðlagi 2003 m.v. vísitölu neysluverðs.

Ekki er með beinum hætti hægt að svara því hvað stóran hluta sérfræðikostnaðar megi skilgreina sem kaup á eiginlegri ráðgjöf enda ekki haldið sérstaklega utan um slíkan kostnað í bókhaldi ríkisins. Engu að síður má gera má ráð fyrir að nokkur hluti af sérfræðiþjónustu lögfræðinga, viðskiptafræðinga og verkfræðinga geti fallið undir skilgreiningu á ráðgjafarþjónustu.

Af einstökum sérfræðihópum kaupa ríkisstofnanir mesta þjónustu af verkfræðingum, tæknifræðingum og arkitektum. Alls nam kostnaður vegna þjónustu þessara aðila um 1.270 m.kr. árið 2003 sem að stærstum hluta tengist ýmsum verklegum framkvæmdum, t.d. eru tveir aðilar, Vegagerðin og Flugmálastjórn, með um og yfir helming þessa kostnaðar. Annars getur þessi kostnaður verið breytilegur milli ára hjá einstökum stofnunum og fjárlagaliðum. Á undanförunum árum hefur slíkur kostnaður m.a. fallið til vegna byggingarframkvæmda á Alþingisreit, hjá Háskóla Íslands, vegna viðhalds og stofnkostnaðar við menningarstofnanir, hjá Húsafriðunarnefnd, vegna sendráða auk ýmissa verkefna á vegum utanríkisráðuneytis, vegna smíði hafrannsóknarskips, hjá Landhelgisgæslunni og vegna ýmissa verkefna dóms- og kirkjumálaráðuneytis, hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra, Landsspítala-háskólasjúkrahúsi, Fasteignum ríkissjóðs, Orkustofnun og Landmælingum Íslands.

Sá sérfræðingahópur sem næst kemur eru heilbrigðisstarfsfólk, þ.e. læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkráþjálfarar. Eins og gefur að skilja fellur mest af þessum

kostnaði á sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, árið 2003 þannig rétt tæpum 800 m.kr. af alls 950 m.kr. kostnaði ríkisins vegna slíkrar þjónustu. Það sem upp á vantar var vegna málskostnaðar í opinberum málum (álitsgerðir lækna), vegna þyrlulækna hjá Landhelgisgæslunni, lækna Flugmálastjórnar og sjúkrasjóði starfsmanna sendiráða. Þessi kostnaður hefur hækkað mikið á undanförunum árum.

Ríkið er stór kaupandi að ýmis konar lögfræðiþjónustu. Kostnaður við slíka þjónustu nam rúmum 500 m.kr. árið 2003. Þrátt fyrir talsverða hækkun á kostnaði (eins og gildir einnig um kaup á annarri sérfræðiþjónustu) var hækkunin heldur í lægri kantinum (62% aukning frá 1998 til 2003 m.v. vísitölu neysluverðs). Tveir liðir vegna þyngst, þ.e. málskostnaður í opinberum málum og opinber réttaraðstoð sem samtals eru með nálægt 60% af þessum kostnaði og falla báðir undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Önnur ráðuneyti eru með lægri kostnað, mest samt forsætisráðuneytið vegna útboðs- og einkavæðingarverkefna (færð undir fjárlagalið 01-190 Ýmis verkefni), félagsmálaráðuneytið vegna Ábyrgðarsjóðs launa, og fjármálaráðuneytið vegna innheimtukostnaðar og málskostnaðar (fært á fjárlagalið 09-999 Ýmis verkefni).

Sérfræðiþjónusta sem færð er á liðinn „Náttúrufræðingar, eðlisfræðingar og efnafræðingar“ nam 390 m.kr. á árinu 2003. Yfir helmingur þess kostnaðar liggur hjá Orkustofnun og skýrist af breytingu sem gerð var á rekstri stofnunarinnar árið 2001, en þær fólust í því að rannsóknir og ráðgjöf voru aðskildar frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Nýja einingin (núna Íslenskar orkurannsóknir) selur Orkustofnun þjónustu sína. Aðrir aðilar sem hafa kostnað sem fellur undir þennan lið eru helst Landspítali-háskólasjúkrahús (frá 2001), Vegagerðin og Náttúrufræðistofnun (aðallega árin 2000-2002).

Kostnaður við þjónustu viðskiptafræðinga, endurskoðenda og rekstrarráðgjafa nam um 290 m.kr. árið 2003. Kostnaðurinn hefur verið mestu síðustu þrjú ár, sem skýrist af innleiðingu á nýju bókhalds- og launakerfi fyrir ríkið, mest árinu 2001 og 2002. Aðrir aðilar sem kaupa þjónustu þessarar sérfræðinga eru einkum Ríkisendurskoðun vegna aðkeyptrar endurskoðunarvinnu og forsætisráðuneytið vegna útboðs- og einkavæðingarverkefna sem færð eru á fjárlagalið 01-190 Ýmis verkefni, mest þó árin 2001 og 2002.

Kostnaður vegna þjónustu þýðenda og túlka nam rúmum 80 m.kr. á árinu 2003. Um helmingur kostnaðarins fellur til hjá stofnunum tveggja ráðuneyta, þ.e. dóms- og kirkjumálaráðuneytis vegna lögreglu- og dómsmála og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Þetta á ennþá ríkara mæli við um sérfræðiþjónustu sálfræðinga, félagsfræðinga og skyldra starfshópa, en yfir 80% af kostnaði vegna hennar fellur til hjá þessum ráðuneytum.

Á liðinn „önnur sérfræðiþjónusta“ er bókaður sérfræðikostnaður sem ekki er hægt að heimfæra á átta stærstu faghópa sérfræðinga. Stærsti einstaki kaupandi þess konar sérfræðiþjónustu árið 2003 var Vegagerðin þar sem kostnaður nam 350 m.kr. Aðrir aðilar sem keyptu umtalsverða þjónustu sem færð er á þennan lið eru forsætisráðuneytið vegna Þingvallahátíðar árið 2000 og fleiri verkefna á fjárlagalið 01-190 Ýmis verkefni, háskólar, Þjóðminjasafn Íslands, aðalskrifstofa utanríkisráðuneytisins, Hafrannsóknastofnun, Persónuvernd (árið 2001), Barnaverndarstofa, Tryggingastofnun ríkisins, Landspítali, fjárlagaliðurinn „08-399 Heilbrigðismál, ýmis

starfsemi“, Fasteignamat ríkisins, Flugmálastjórn, Ferðamálaráð, Iðntæknistofnun, Orkustofnun, Veiðistjóri (árið 2003), Hollustuvernd ríkisins og Veðurstofa Íslands.

## Þróun mála frá árinu 2000 og staðan í dag

Innkaupum ríkisins hefur gjarnan verið skipt í þrjá meginflokkka: Verkkaup, vörukaup og þjónustukaup. Segja má að mest hefð sé fyrir formlegu innkaupaferli og útboðum hvað varðar verkkaupin en til þeirra teljast opinberar framkvæmdir s.s. húsbyggingar, vegafamkvæmdir, gerð flugvalla o.þ.h. Þar er til staðar skýrt regluverk og oft á tíðum ýtarlegar áætlanir um fjárfestingar m.a. í samgöngumálum. Fylgt er formlegu innkaupaferli með frumathugun, áætlanagerð, eftirfylgni á verktíma og skilamati. Framkvæmdirnar sjálfar eru almennt boðnar út, en síður þjónustukaup sem tengjast framkvæmdum eins og arkitekta- og verkfræðiráðgjöf. Þó hefur Framkvæmdasýsla ríkisins boðið út eftirlit með framkvæmdum.

Skilgreind innkaupaferli og útboð eru einnig í vaxandi mæli notuð við vörukaup ríkisstofnana. Þar hefur verið greint á milli hefðbundinna vörukaupa en til þeirra teljast dagleg innkaup á rekstrarvörum og flókinna vörukaupa með útboði t.d. kaup á upplýsingakerfum. Á meðal nýmæla á sviði vörukaupa á undanförunum árum eru rammamningar, innkaupakort og rafrænt markaðstorg (sjá [www.rm.is](http://www.rm.is)).

Þegar kemur að þjónustukaupum, sem skipt er í kaup á kjarnaþjónustu, sérfræðiþjónustu og stoðþjónustu<sup>2</sup>, hefur lítið verið um útboð. Vöntun er á formlegum samningum um þjónustuna, lítið er um verðsamanburð og almennt hafa ekki verið teknir saman mælikvarðar á árangur. Það færast samt í vöxt að stoðþjónusta hafi verið boðin út. Það einkennir sérfræðiþjónustuna að þar er um að ræða mörg lítil verk sem oftast falla undir viðmiðunarfjárhæð um útboðsskyldu (10 m.kr.), en eftir að mörkin voru hækkuð (úr 5 í 10 m.kr.) hefur frekar dregið úr útboðum. Nefna má að Ríkiskaup hafa komið upp gagnagrunni með um 60 ráðgjöfum á sviði upplýsingatækni. Þá hafa verið gerðir rammamningar m.a. um ræstingar og prentþjónustu. Einnig er vaxandi áhugi á að skoða hvort bjóða megi út fjarskiptaþjónustu, símsvörun, bankaþjónustu o.fl.

Í maí árið 2002 gaf fjármálaráðuneytið ritið „Kaup á ráðgjöf“ í samstarfi við Vegagerðina, Landsvirkjun, Framkvæmdasýslu ríkisins, Félag sjálfstætt starfandi arkitekta og Félag ráðgjafarverkfræðinga. Þar eru settar fram leiðbeiningar um mat á þörf fyrir ráðgjöf, aðferðir við val á ráðgjöfum, samninga við ráðgjafa o.fl. Mest áhersla er lögð á þá tegund ráðgjafar sem nýtist við opinberar framkvæmdir, en einnig er talið að leiðbeiningarnar geti verið gagnlegar við kaup á annars konar ráðgjöf, t.d. í tengslum við hugbúnað eða lögfræðileg efni. Ritinu er ætlað að einfalda og samræma aðferðir opinberra aðila við val á ráðgjöfum.<sup>3</sup>

Eitt vandamál sem oft er nefnt þegar kemur að kaupum á ráðgjafarþjónustu er að ráðgjafarnir eru ekki alltaf hlutlausir, heldur selja þeir sjálfir stundum ákveðnar

<sup>2</sup> Til kjarnaþjónustu teljast samningar um þjónustu til lengri tíma t.d. um rekstur hjúkrunar- og meðferðarheimila, framhalds- og háskóla og heilsugæslu. Undir stoðþjónustu falla afmörkuð verkefni, t.d. ræsting, tövluþjónusta, sýnarannsóknir vegna eftirlits o.s.frv. Sérfræðiþjónusta er oft veitt í skemmri tíma og felst m.a. stjórnunarráðgjöf, lögfræðiálitum og annarri ráðgjöf.

<sup>3</sup> [http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin\\_rit/kaup\\_radgj2002.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/kaup_radgj2002.pdf)

afurðir eða „lausnir“. Í því sambandi er mikilvægt að tryggja að sá aðili sem ráðgjöfin er keypt af hafi í reynd ekki fjárhagslegra hagsmuna að gæta varðandi kaup á t.d. ákveðnum hugbúnaðarlausnum.

Það er mat þeirra sem vinna að innkaupum yfir ríkið að hugarfar á því sviði sé smám saman að breytast til batnaðar, þróunin sé komin lengst hvað varðar verklegar framkvæmdir, hafi margt einnig áunnist á sviði vörukaupa, en bæta þurfi verulega innkaupahætti þegar kemur að kaupum á hverskyns þjónustu. Þróunin gengur samt fremur hægt enda lítil miðstýring þegar kemur að innkaupamálum stofnana og á valdi hvers forstöðumanns hvernig hann stendur að innkaupum fyrir sína stofnun. Lítil sem engin viðurlög eru við brotum á innkaupareglum.

Þegar á heildina er litið er það mat Ríkisendurskoðunar að staða mála hvað varðar kaup ríkisstofnana á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu sé um flest svipuð og fram kom í skýrslu stofnunarinnar frá árinu 2000. Engu að síður verður að telja að þessi mál hafi heldur þokast í rétta átt á undanförunum árum.

### Keypt sérfræðiþjónusta eftir ráðuneytum og stofnunum 1998-2003

Fjúbl.nr.	Fjúblagaliður	Ár						Samt.
		1998	1999	2000	2001	2002	2003	
00-101	Embætti forseta Íslands	0,4	2,2	0,6	0,3	0,7	1,6	5,8
00-201	Alþingi	5,5	7,8	18,0	16,8	18,5	16,8	83,3
00-205	Framkvæmdir á Alþingisreit	16,5	40,9	9,4	20,6	33,6	6,4	127,4
00-301	Ríkisstjórn	0,0	-0,1					-0,1
00-610	Umboðsmaður Alþingis	3,1	2,4	2,7	2,4	1,6	1,2	13,4
00-620	Ríkisendurskoðun	28,1	26,4	23,9	26,5	25,9	32,3	163,1
		<b>53,6</b>	<b>79,6</b>	<b>54,6</b>	<b>66,6</b>	<b>80,3</b>	<b>58,4</b>	<b>393,1</b>
01-101	Forsætisráðun., aðalskrifstofa	2,8	3,9	3,7	8,2	11,8	4,0	34,4
01-190	Ýmis verkefni	20,3	52,5	213,7	143,1	162,2	82,2	674,0
01-201	Fasteignir forsætisráðuneytis	0,0	0,4	0,1	0,1	0,8	0,1	1,6
01-203	Fasteignir Stjórnarráðsins					0,4		0,4
01-211	Þjóðhagsstofnun	7,3	2,8	1,2	1,4	0,6		13,2
01-231	Norræna ráðherranefndin	0,4	0,4	0,1	0,4	0,0	0,5	1,9
01-241	Umboðsmaður barna	0,4	0,2	0,0	0,5	0,2	0,2	1,5
01-251	Þjóðmenningarhúsið	0,2	6,4	4,6	2,7	2,7	1,7	18,3
01-253	V-norr. menningarhús í K.höfn				0,6	0,2		0,8
01-255	Minn.safn um Halldór Laxnes					0,5	3,9	4,5
01-261	Óbyggðanefnd		0,6	3,4	5,8	12,6	15,2	37,7
01-271	Ríkislögmaður		3,8	0,4	1,3	1,2	1,7	8,4
01-303	Kristnihátíðarsjóður				0,4	0,4	0,3	1,0
01-902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	0,8	2,2	0,7	3,0	5,5	4,6	16,8
		<b>32,0</b>	<b>73,1</b>	<b>228,0</b>	<b>167,4</b>	<b>199,2</b>	<b>114,6</b>	<b>814,3</b>
02-101	Menntamálaráðun., aðalskrifstofa	5,7	6,0	4,0	5,9	4,9	8,3	34,8
02-201	Háskóli Íslands	191,9	188,3	221,5	227,7	262,6	269,2	1.361,0
02-202	Tilraunastöð Hásk. að Keldum	1,5	0,3	2,6	0,9	0,8	8,3	14,5
02-203	Raunvísindastofnun Háskólans	2,7	2,7	8,8	8,6	13,2	15,7	51,7
02-204	Stofnun Sigurðar Nordals	0,2	0,3	0,8	0,3	0,2	0,2	1,9
02-205	St. Árna Magnússonar á Ísl.	2,2	2,0	2,6	1,1	2,8	1,1	11,7

02-206	Orðabók Háskólans	0,4	0,2	0,1	0,1			0,8
02-207	Íslensk málstöð	0,8	2,0	0,9	0,6	0,8	2,0	7,2
02-208	Örnefnastofnun Íslands	0,0	0,1	0,1	0,5	0,4	0,1	1,1
02-210	Háskólinn á Akureyri	10,0	17,9	22,2	21,5	17,2	26,0	114,8
02-211	Tækniskóli Íslands	0,7	0,8	2,0	6,2	9,5	15,3	34,5
02-215	Kennaraháskóli Íslands	10,3	15,8	21,6	20,7	19,8	38,1	126,2
02-221	Kennaraháskóli Íslands	0,0						0,0
02-223	Námsmatsstofnun	11,2	13,3	17,8	10,7	8,0	10,1	71,2
02-231	Rannsóknarráð Íslands	3,1	3,3	2,8	9,2	0,9	5,5	24,7
02-235	Rann. og þróun í u.t. og uh.m		2,9	0,6	2,3	0,8	1,6	8,3
02-236	Vísindasjóður	3,6	2,9	4,7	5,1	5,4	6,3	27,9
02-237	Tæknisjóður	7,2	4,5	4,8	6,5	4,2	1,6	28,8
02-238	Bygginga- og tækjasjóður		0,5	0,2	0,3	0,3	0,3	1,6
02-239	Rannsóknarnámssjóður	0,5	0,4	0,5	0,5	0,7	1,4	4,0
02-269	Háskóla-og vís.st., viðh. og stk	1,7	1,4	0,8	5,4	12,7	15,9	37,9
02-299	Háskóla- og rannsóknastarfs.	1,4	0,0	0,2	0,4	0,7	3,0	5,7
02-301	Menntaskólinn í Reykjavík	0,1	0,4	0,3	0,2	0,9	0,8	2,7
02-302	Menntaskólinn á Akureyri	0,9	0,9	3,6	2,5	2,2	3,3	13,4
02-303	Menntaskólinn að Laugarvatni	0,6	0,5	0,4	0,3	0,2	0,2	2,2
02-304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	1,0	1,5	2,9	4,9	8,3	7,2	25,9
02-305	Menntaskólinn við Sund	0,4	3,1	0,2	0,5	1,3	1,2	6,7
02-306	Menntaskólinn á Ísafirði	0,1	0,0	0,1	0,1	0,4	0,3	1,1
02-307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1,0	1,2	1,5	2,1	3,3	2,3	11,3
02-308	Menntaskólinn í Kópavogi	1,0	0,5	1,0	1,0	1,0	0,1	4,6
02-309	Kvennaskólinn í Reykjavík	1,2	0,9	0,8	0,4	0,9	1,8	6,1
02-316	Fasteignir framhaldsskóla	2,8	3,5	4,7	6,6	1,9	10,1	29,7
02-317	Sameignir skól. á Laugarvatni	0,2						0,2
02-318	Framhaldsskólar, stofnkostn.	18,6	10,7	4,5	4,6	8,8	6,0	53,2
02-319	Framhaldsskólar, almennt	17,9	15,4	7,6	7,7	23,6	19,4	91,7
02-350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1,0	1,6	1,2	1,4	1,9	2,8	9,8
02-351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	5,4	7,6	6,1	13,3	15,5	4,1	52,0
02-352	Flensborgarskóli	2,7	4,4	2,9	1,3	0,5	0,4	12,2
02-353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	0,5	1,6	0,8	1,3	2,0	0,8	7,1
02-354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	0,6	0,3	0,7	0,7	0,4	0,2	3,0
02-355	Framhaldsskólinn í Vestm.ey.	0,0	0,0	0,3	0,3	0,2	0,1	0,9
02-356	Fjölbrautaskóli Norðurl. vestra	0,5	0,4	0,7	0,3	1,1	2,4	5,5
02-357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	0,5	0,4	0,4	0,3	0,7	0,4	2,7
02-358	Verkmenntaskóli Austurlands	0,4	0,4	1,3	0,5	0,3	0,6	3,5
02-359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	1,2	2,0	5,5	5,3	2,5	1,4	17,9
02-360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	0,6	1,8	2,9	3,5	4,3	4,8	17,8
02-361	Framhaldssk. í A-Skaftafellss.	1,1	0,8	0,5	0,4	0,8	0,8	4,5
02-362	Framhaldsskólinn á Húsavík	0,2	0,2	0,2	0,1	0,3	0,3	1,3
02-363	Framhaldsskólinn á Laugum		0,7	0,0	0,0	0,1	0,1	0,9
02-365	Borgarholtsskóli	0,1	1,8	4,9	6,5	7,7	9,5	30,4
02-430	Samsk.miðst. h.l. og-skertra	3,6	1,3	0,6	0,3	0,2	0,6	6,7
02-441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	0,0	0,0	0,2	0,3	0,1		0,7
02-451	Símenntun og fjarvinnsluverke.			0,0	0,5			0,5
02-506	Vélskóli Íslands	0,0	0,1	0,1	2,2	3,5	1,9	7,8
02-507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	0,3	1,0	1,5	3,0	5,7	2,9	14,3
02-514	Iðnskólinn í Reykjavík	2,1	1,9	0,7	3,5	14,4	15,3	37,9
02-516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	0,1	0,1	0,1	0,2	0,7	0,7	1,9
02-551	Hússtjórnarsk. Hallormsstað	0,0	0,1					0,1
02-561	Myndlista- og handíðaskóli Ísl.	0,8	7,8					8,6

02-562	Leiklistarskóli Íslands	0,4	0,1	0,6				1,1
02-564	Listdansskólinn	0,1	0,4	0,1	0,1	0,2	0,2	1,1
02-571	Sjómannaskólahúsið	0,0		0,1		0,0	0,0	0,2
02-606	Verzlunarskóli Íslands	0,1						0,1
02-610	Fasteignir héraðsskóla	0,6	0,4	1,6	0,0			2,5
02-720	Grunnskólar, almennt	3,3	3,4	1,9	2,9	0,0	0,4	11,9
02-725	Námshagnastofnun	0,2	0,6	0,7	0,4	1,3	0,0	3,2
02-750	Skólar fyrir fatlaða	0,0						0,0
02-804	Kvikmyndaskoðun		0,0	0,0	0,0	1,4	1,8	3,3
02-872	Lánasjóður ísl. námsmanna	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
02-884	Jöfnun á námskostnaði	0,3			0,1			0,4
02-901	Fornleifavernd ríkisins					0,8	4,6	5,4
02-902	Þjóðminjasafn Íslands	6,6	11,7	5,6	7,3	5,4	21,8	58,4
02-903	Þjóðskjalasafn Íslands	0,9	0,5	1,3	5,0	0,6	0,8	9,1
02-905	Landsb.safn Ísl. – Hásk.bókas	3,4	2,3	2,9	3,5	5,4	14,2	31,8
02-906	Listasafn Einars Jónssonar	0,1	0,3	0,0	0,0	0,1	0,1	0,6
02-907	Listasafn Íslands	0,6	0,3	0,6	2,8	0,8	0,4	5,6
02-908	Listasafn Íslands						0,3	0,3
02-909	Blindrabókasafn Íslands	2,3	2,3	3,1	4,0	4,0	3,0	18,7
02-919	Söfn, ýmis framlög	0,1			0,1	1,3	3,7	5,2
02-969	Menningarst., viðhald og st.k.	1,6	5,7	8,0	8,5	5,2	3,4	32,4
02-972	Íslenski dansflokkurinn	0,8	0,5	0,3	0,5	0,7	0,5	3,5
02-973	Þjóðleikhús				1,5	1,7	2,9	6,1
02-978	Listasjóðir	0,0	0,0					0,0
02-979	Húsafriðunarnefnd		7,7	11,8	9,4	10,9	14,6	54,4
02-980	Listskreytingasjóður	0,1	0,3	0,3	0,2	0,4	0,4	1,7
02-981	Kvikmyndasjóður	2,9	1,0	1,7	5,7	3,1	5,2	19,5
02-982	Listir, framlög	2,5	1,9	1,9	2,7	1,9	6,0	16,9
02-983	Ýmis fræðistörf	3,7	4,5	4,8	8,7	5,3	4,2	31,2
02-984	Norræn samvinna	1,3	1,7	1,0	0,8	1,8	1,8	8,3
02-985	Alþjóðleg samskipti	0,8	0,9	0,4	0,5	1,9	1,5	5,9
02-988	Æskulýðsmál	0,4	0,5	0,1	0,3	0,3	1,4	3,0
02-989	Ýmis ípróttamál	0,3	0,3	0,2	0,9	0,2	0,0	2,0
02-994	Ýmis ípróttamál						0,3	0,3
02-995	Tungutækni			0,7	2,3	2,2	0,6	5,9
02-996	Íslenska upplýsingasamfélagið		2,6	9,2	5,2	12,2	14,5	43,8
02-999	Ýmislegt	0,0	0,2	1,4	0,1	0,3	0,4	2,4
		<b>356,5</b>	<b>390,7</b>	<b>439,2</b>	<b>484,2</b>	<b>551,0</b>	<b>641,5</b>	<b>2.863,2</b>
03-101	Utanríkisrn., aðalskrifstofa	12,6	28,0	20,0	18,3	29,1	25,3	133,4
03-190	Ýmis verkefni		1,7	0,2	10,9	24,1	0,5	37,4
03-201	Sýslum. á Keflavíkurflugvelli	0,2	0,3	1,6	2,1	4,5	2,8	11,6
03-211	Flugmálastjórn Keflavíkurfl.v.	5,6	6,9	28,8	17,3	25,9		84,4
03-221	Flugmálastjórn Keflavíkurfl.v.						0,0	0,0
03-301	Sendiráð Íslands í Berlín		0,8	0,0	0,0		0,2	1,1
03-302	Sendiráð Íslands í Kaupm höfn		0,1	0,1		0,1	0,0	0,4
03-303	Sendiráð Íslands í London	1,2	0,2	0,1	0,0	0,8	0,2	2,6
03-304	Sendiráð Íslands í Moskvu	0,1	0,2	0,3	0,2	0,0	0,0	0,9
03-305	Sendiráð Íslands í Osló	0,2	0,0			0,2	0,1	0,5
03-306	Sr.Ísl.París,fastn.OECD,UC F	0,7	0,4	0,7	0,5	1,6	0,2	4,0
03-307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi				0,0	0,1	2,3	2,4
03-308	Sendiráð Íslands í Washington	0,9	0,9	0,3	0,2			2,3
03-309	Fastan.Ísl. S.þ. og aðalr. N.Y		0,0	0,1	0,5	0,0		0,6
03-310	Sendir. Ísl. í Brussel og hjá ES	0,1		1,0	0,1	0,3	0,2	1,7



03-311	Fastan. Ísl hjá N-Atlantsh.b.	0,3	0,2	0,1		0,0		0,6
03-312	Fastan.Ísl.hjá alp.st. - EFTA,G.					0,2		0,2
03-313	Sendir.Ísl.í Vínarb og f.n. ÖSE						0,3	0,3
03-314	Sendiráð Íslands í Peking	0,0		0,0	0,0	0,0	0,0	0,2
03-315	Sendiráð Íslands í Ottawa		0,0	0,1	0,3	0,0	0,0	0,4
03-316	Sendiráð Íslands í Tókíó				4,8	0,0	0,1	4,9
03-317	Sendiráð Íslands í Helsinki	0,0	0,0					0,0
03-319	Sendiráð Íslands í Mapútó					0,0		0,0
03-320	Sendiráð, almennt	7,8	9,9	9,4	15,1	31,7	16,3	90,1
03-390	Þróunarsamvinnust. Íslands	5,0	6,4	7,6	8,1	7,3	5,6	40,1
03-391	Þr.mál og alþjóðl. hjálparst.s.		0,2	0,8		1,0		2,1
03-401	Alþjóðastofnanir	0,2	0,2	0,3	1,8	0,3	1,7	4,6
		<b>34,9</b>	<b>56,3</b>	<b>71,5</b>	<b>80,4</b>	<b>127,4</b>	<b>56,0</b>	<b>426,5</b>
04-101	Landbúnaðarnn, aðalskrifstofa	3,0	1,1	1,1	4,2	8,5	9,4	27,3
04-190	Ýmis verkefni	4,1	3,0	6,0	7,0	5,2	1,4	26,6
04-211	Rannsóknast. landbúnaðarins	2,1	1,1	1,7	3,3	4,2	5,4	17,8
04-221	Veiðimálastofnun	0,5	0,0	4,7	3,0	1,7	1,8	11,7
04-222	Veiðimálastjóri	0,0	0,0		1,4		1,9	3,4
04-233	Yfirdýralæknir	34,2	33,9	4,9	4,1	5,4	7,4	89,7
04-236	Aðfangaeftirlit ríkisins	0,0	0,0		0,2		0,0	0,2
04-261	Landb.hásk á Hvanneyri, Borg	4,9	9,7	11,1	20,2	24,6	16,5	87,1
04-271	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	1,6	2,7	6,8	6,5	6,7	9,7	33,9
04-283	Garðyrkjuskóli ríkisins	3,4	6,5	7,7	12,2	6,3	5,1	41,2
04-293	Hagþjónusta landbúnaðarins	3,3	2,6	2,0	2,3	2,1	1,3	13,7
04-311	Landgræðsla ríkisins	3,0	3,3	3,2	3,5	7,6	8,3	28,9
04-321	Skógrækt ríkisins	6,0	3,2	3,3	2,9	3,5	5,3	24,2
04-324	Landgræðslusjóður		0,1					0,1
04-331	Héraðsskógar	0,4	0,0	0,3	0,4	0,1	0,2	1,4
04-343	Landshlutabundin skógrækt	0,2	0,0	1,9	2,5	7,9	6,3	18,8
04-805	Gr. vegna sauðfjárframleiðslu			3,3	1,5	0,6	0,2	5,6
04-827	Fóðursjóður				0,0			0,0
04-831	Jarðasj. og Jarðeignir ríkisins	2,7	4,3	6,9	5,2	8,4	8,8	36,3
04-840	Lán til fiskeldis	0,5						0,5
04-841	Fiskeldisrannsóknir	0,3						0,3
04-843	Fiskræktarsjóður		0,1	0,8		2,0	1,1	4,0
04-851	Greiðslur vegna riðuveiki		0,4	0,2	0,4	1,6	0,4	2,9
04-891	Sérst greiðslur í landbúnaði			15,4	0,0			15,4
		<b>70,1</b>	<b>72,0</b>	<b>81,2</b>	<b>80,7</b>	<b>96,4</b>	<b>90,5</b>	<b>490,9</b>
05-101	Sjávarútvegsmn, aðalskrifstofa	1,4	1,9	3,1	1,7	1,1	1,8	11,0
05-190	Ýmis verkefni	27,0	8,3	6,7	21,2	14,6	9,0	86,8
05-202	Hafrannsóknastofnunin	6,1	14,3	21,2	29,1	38,3	46,3	155,2
05-203	Rannsóknast. fiskiðnaðarins	3,2	7,3	4,3	5,2	2,7	2,9	25,6
05-204	Fiskistofa	11,0	3,0	7,3	2,4	1,2	0,8	25,8
05-207	Gjaldtökusj. ólög. sjávarafla	0,1	1,1	0,3	0,3	0,1	0,4	2,3
05-208	Bygging hafrannsóknarskips	5,3	7,2	14,8	3,1			30,5
05-211	Kvótaþing	0,7	0,0	0,1	0,1			1,0
05-213	Verðlagsstofa skiptaverðs		1,7	3,2	3,1	3,1	0,1	11,2
05-215	Gengismunasjóður	0,1						0,1
05-216	Gæða- og orkufjár sjóður	0,1						0,1
05-272	Bygg. ranns.stofn. sjávarútv	2,6	3,9	5,3	2,8	1,8	0,9	17,4
05-273	Sjávarútvegshús, undirb.	0,1						0,1
05-901	Skrifst. ranns.st. atvinnuveg.	0,6	0,2	0,2	0,2	0,4	0,0	1,7
		<b>58,2</b>	<b>48,9</b>	<b>66,6</b>	<b>69,1</b>	<b>63,3</b>	<b>62,4</b>	<b>368,5</b>

06-101	Dóms-og kirkjumálarn. aðalsk.	6,7	7,0	5,2	5,0	3,7	5,4	33,0
06-103	Lagasafn			0,1	0,2	0,1	1,4	1,8
06-105	Lögbirtingablað	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,7	1,7
06-111	Kosningar	0,1	0,1			2,9	3,6	6,7
06-190	Ýmis verkefni	30,5	50,4	40,0	21,2	26,3	34,3	202,7
06-201	Hæstiréttur	0,2	0,2	0,1	0,1	0,0	0,1	0,9
06-210	Héraðsdómstólar		0,3	1,0	1,1	1,3	0,9	4,6
06-211	Héraðsdómur Reykjavíkur	0,4						0,4
06-212	Héraðsdómur Vesturlands	0,0						0,0
06-213	Héraðsdómur Vestfjarða	0,0						0,0
06-218	Héraðsdómur Reykjaness	0,2						0,2
06-231	Málskostn. í opinberum málum	86,7	118,8	173,3	202,8	235,6	268,1	1.085,2
06-232	Opinber réttaraðstoð	44,1	63,8	74,7	71,0	105,5	144,1	503,3
06-235	Bætur brotaþola	2,9	0,8	0,2		0,0	0,1	4,1
06-251	Persónuvernd			0,3	26,1	13,4	2,9	42,5
06-290	Dómsmál, ýmis kostnaður	0,1						0,1
06-291	Húsnæði og búnaður dómstóla	0,8						0,8
06-301	Ríkissaksóknari	0,4	0,1	0,3	0,3	0,3	0,4	1,8
06-303	Ríkislögreglustjóri	0,5	1,0	4,1	4,2	7,6	9,1	26,5
06-305	Lögregluskóli ríkisins	0,5	0,4	0,5	1,2	1,3	1,1	5,1
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	3,1	2,9	4,1	3,7	2,8	3,1	19,8
06-321	Almannavarnir ríkisins	0,7	1,3	0,7	0,6	0,3	0,1	3,7
06-331	Umferðarráð	0,6	1,5	1,5	1,3	1,5		6,3
06-333	Umferðarstofa					1,8	5,8	7,6
06-341	Áfengis- og fíkniefnamál	0,6						0,6
06-390	Ýmis löggæslumál	14,3	6,3	1,5	2,8	2,5	9,4	36,7
06-391	Húsnæði löggæslustofnana						0,1	0,1
06-395	Landhelgisgæsla Íslands	11,7	20,3	27,3	38,4	23,6	18,8	140,0
06-397	Schengen samstarf	0,3	0,5	1,0	3,1		0,1	5,0
06-398	Útlendingaeftirlitið		1,4	0,6	0,3	0,3	2,9	5,4
06-411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	0,3	0,2	1,3	2,8	5,6	6,0	16,2
06-412	Sýslumaðurinn á Akranesi	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1	0,1	0,3
06-413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,3
06-414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1
06-415	Sýslumaðurinn í Búðardal	0,0						0,0
06-416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	0,0	0,0	0,1	0,0	0,0	0,0	0,1
06-417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	0,0	0,0					0,0
06-418	Sýslumaðurinn á Ísafirði	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1	0,2
06-419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	0,0	0,0		0,0			0,0
06-420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	0,0	0,1	-0,1	0,0	0,0	0,0	0,1
06-421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,2	0,6
06-422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	0,0	0,0	0,0	0,0		0,0	0,0
06-423	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
06-424	Sýslumaðurinn á Akureyri	0,1	0,1	0,1	0,1	0,4	0,6	1,4
06-425	Sýslumaðurinn á Húsavík	0,0	0,0		0,0	0,0		0,1
06-426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1
06-427	Sýslumaðurinn í Neskaupstað	0,0	0,0					0,0
06-428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	0,0	0,0	0,1	0,0	0,4	0,2	0,6
06-429	Sýslum. á Höfn í Hornafirði	0,0	0,1	0,1	0,2		0,1	0,4
06-430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal			0,3		0,2		0,5
06-431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	0,1	0,2	0,0	0,1	0,1	0,0	0,4
06-432	Sýslum. í Vestmannaeyjum	0,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,1	0,4
06-433	Sýslumaðurinn á Selfossi	0,2	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,8

06-434	Sýslumaðurinn í Keflavík	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,2	0,8
06-436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	0,1	0,6	0,5	0,2	0,3	0,3	2,0
06-437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	0,2	0,4	0,3	0,3	0,8	0,5	2,5
06-490	Ýmis rekstrarkostn. s.m.emb.	0,2	0,3	1,1	5,5	8,1	6,5	21,6
06-491	Húsnæði og búnaður sýslum.	0,3			0,0		-0,5	-0,2
06-501	Fangelsismálastofnun ríkisins	2,9	2,3	4,0	2,8	2,6	3,2	17,9
06-591	Fangelsisbyggingar			0,1	0,9			1,0
06-701	Þjóðkirkjan	6,2	5,1	10,1	8,1	5,7	7,7	42,8
		<b>216,7</b>	<b>287,3</b>	<b>354,6</b>	<b>404,9</b>	<b>455,6</b>	<b>538,4</b>	<b>2.257,4</b>
07-101	Félagsmálarn., aðalskrifstofa	9,6	8,1	12,6	5,1	6,8	5,1	47,4
07-190	Ýmis verkefni				2,8	0,2	0,8	3,9
07-302	Ríkissáttasemjari	0,2	0,8	0,3	0,0	0,1	0,1	1,4
07-311	Jafnréttisráð	0,8	1,2	1,0	0,0			3,0
07-313	Jafnréttisstofa			0,6	2,0	0,2	0,9	3,7
07-331	Vinnuettirlit ríkisins	11,2	1,6	3,6	0,9	2,1	1,4	20,8
07-400	Barnaverndarstofa	8,4	23,3	23,9	31,5	34,7	37,5	159,3
07-401	Barnaverndarráð	0,1	0,1	0,2	1,0	0,0		1,4
07-700	Málefni fatlaðra	1,0	0,0		0,2	0,0	1,9	3,0
07-701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	1,1	1,2	1,6	1,4	1,5	2,1	8,9
07-702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	3,6	0,9	2,3	1,7	1,6	2,1	12,2
07-703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	1,7	0,2	0,2	0,1	0,1	0,3	2,6
07-704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	0,6	0,5	1,0	1,2	1,3	0,6	5,2
07-705	Málefni fatlaðra, Norðurl vestra	0,1	0,0					0,1
07-706	Málefni fatlaðra, Norðurl eystra	0,0			0,1	0,2		0,3
07-707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	0,5	0,5	0,8	1,1	1,9	1,8	6,6
07-708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	0,8	1,2	1,1	1,8	2,3	2,3	9,4
07-710	Meðf.heimili og sambýli einhv.	0,2						0,2
07-711	Styrktarfélag vangefinna	0,2	0,0	0,0	0,0			0,2
07-720	Skálatúnshemilið, Mosfellsbæ	1,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,5
07-750	Greiningar- og ráðgj.st. ríkisins	1,8	3,3	6,8	7,0	3,9	4,0	26,8
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	4,8	9,6	12,2	2,9	1,2	11,1	41,9
07-980	Vinumálastofnun	1,9	3,4	3,0	2,9	1,9	3,3	16,3
07-981	Vinumál	0,7	0,4	0,1	0,2	0,0	0,1	1,6
07-982	Ábyrgðasjóður launa	13,9	9,8	11,7	13,1	28,0	40,5	117,0
07-984	Atvinnuleysistryggingasjóður	1,1	1,9	0,6	0,4	1,8	2,2	8,0
07-996	Íslenska upplýsingasamfélagið				0,2			0,2
07-999	Félagsmál, ýmis starfsemi	4,4	0,5	4,7	0,3	1,3	2,7	13,9
		<b>70,2</b>	<b>68,6</b>	<b>88,2</b>	<b>77,8</b>	<b>91,1</b>	<b>120,9</b>	<b>516,8</b>
08-101	Heilbr.og trygg.rn.aðalskrifst	9,5	17,9	19,7	11,5	3,9	1,6	64,1
08-201	Tryggingastofnun ríkisins	24,5	32,7	34,0	27,6	20,3	25,6	164,8
08-209	Sjúklingatryggingar					0,3	0,3	0,6
08-301	Landlæknir	4,1	5,8	8,9	12,7	12,7	18,2	62,3
08-305	Lýðheilsustöð						4,6	4,6
08-311	Héraðslæknir í Reykjavík	0,3		0,4	0,7	0,0		1,4
08-315	Héraðslæknir á Norðurl eystra					0,0		0,0
08-324	Heyrnar- og talmeinst Íslands	0,0	0,1	0,0	0,8	0,5	0,2	1,7
08-326	Sjónstöð Íslands	0,3	0,3	0,2	0,0	0,0	1,2	2,0
08-327	Geislavarnir ríkisins	0,4	0,1	0,0	0,7	0,5	0,2	1,8
08-330	Manneldisráð	0,0	0,1	0,2	0,7	0,5	0,6	2,1
08-358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	36,1	53,1	69,4	70,5	72,9	79,9	381,9
08-368	Sólvangur, Hafnarfirði	1,7	1,5	1,3	1,7	1,4		7,6
08-370	Sjúkrahús með fjölþætta starfs	15,1	2,6	7,8	10,4	17,1	0,0	53,0
08-371	Ríkisspítalar	105,5	112,0	0,0				217,5

08-373	Landspítali, háskólasjúkrahús	4,0	266,7	451,7	428,3	494,0	1.644,8	
08-375	Sjúkrahús Reykjavíkur	70,0	155,8				225,8	
08-379	Sjúkrahús, óskipt	0,3	5,9			2,2	8,4	
08-381	Sjúkrahús og lækniþjónusta	2,7		0,2			2,9	
08-385	Framkvæmdasjóður aldraðra	0,4	0,9	0,4			1,7	
08-386	Framkvæmdasjóður aldraðra					3,5	3,5	
08-393	Lyfjamál	0,8	0,0	1,2			2,0	
08-395	Lyfjaeftirlit ríkisins	0,2	0,7	0,3			1,3	
08-396	Lyfjanefnd	0,0		0,2			0,3	
08-397	Lyfjastofnun			0,4	0,1	0,2	0,7	
08-399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	8,7	28,5	21,9	28,5	26,8	26,9	141,5
08-400	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	46,2	87,4	92,4	102,9	123,9	452,9	
08-402	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði					0,0	0,0	
08-408	Sunnuhlíð, Kópavogi	6,2					6,2	
08-409	Hjúkrunarheimilið Skjól	9,3					9,3	
08-410	Hjúkrunarheimilið Eir	11,4					11,4	
08-411	Garðvangur, Garði	0,8					0,8	
08-412	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	4,4					4,4	
08-413	Hjúkrunarh. Droplaugarstöðum	5,4					5,4	
08-420	Samtök áhm. um áfen.vandam	11,0					11,0	
08-421	Víðines	4,1					4,1	
08-422	Hlaðgerðarkot	1,8					1,8	
08-430	Sjálfsbjörg,hjúkr.-og end.h.st	5,1					5,1	
08-431	Heilsust. Nátt.lækningafél. Ísl.	2,5					2,5	
08-432	Vistheimilið Bjarg	0,8					0,8	
08-435	Hlein, heim fyrir heilaskaddaða	1,0					1,0	
08-490	Vistun ósakhæfra afbrotam.	1,9	1,8	1,3	2,3	2,5	9,8	
08-495	Daggjaldastofnanir		0,5	0,7			1,2	
08-499	Hjúkrunarheimili				1,7	1,8	3,4	
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	31,1	5,0	0,9	1,5	3,0	3,7	45,1
08-501	Sjúkraflutningar	1,0	0,0	0,2			0,4	1,5
08-505	Heilsugæsla í Reykjavík		1,0	3,8	4,7	5,9	8,8	24,2
08-510	Heilsuverndarst. í Reykjavík	66,7	27,1	23,8	24,0	18,8	16,7	177,0
08-511	Heilsugæsla í Rvík, Austurb.umd. nyrðr	0,1						0,1
08-512	Heilsug. í Rvík, Au.umd. syðra	1,6						1,6
08-513	Heilsug. í Rvík, Miðb.umd.	0,1						0,1
08-514	Heilsug. í Rvík, Vesturb.umd	0,1						0,1
08-515	Heilsugæslust Lágmúla í Rvík	2,5						2,5
08-517	Læknavaktin		0,0					0,0
08-522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	0,0		0,2	0,7	0,0	5,9	6,8
08-524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	1,1	0,1	0,1	0,2		0,3	1,7
08-525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,0		1,8	0,7	0,7	0,0	3,2
08-526	Heilsugæslustöðin Búðardal		0,0				0,3	0,3
08-551	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,8	0,4	0,4	0,5	0,2	4,8	7,2
08-552	Heilsugæslustöðin Dalvík	0,0	0,3	1,3	1,2	1,3	0,1	4,3
08-553	Reynslusveitarfélagið Akureyri	3,9						3,9
08-558	Heilsugst. N-Þingeyjarsýslu	0,0	0,8					0,9
08-561	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	0,0						0,0
08-565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	0,4	0,0					0,4
08-566	Heilsugæslust. Fáskrúðsfirði	0,4	0,1					0,5
08-567	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	0,1						0,1
08-568	Reynslusveitarfélag Hornafjörður	0,5						0,5

08-571	Heilsugæslust Kirkjubæjarkl.	0,0	0,0	0,0			0,5	0,5
08-572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal					0,0	0,0	0,1
08-574	Heilsugæslust. Rangárpíngi	0,1	0,1	0,2	1,0	0,1	0,3	1,6
08-575	Heilsugæslustöðin Hellu	0,0						0,0
08-576	Heilsugæslustöðin Laugarási	0,0	0,0	0,2	0,3		0,3	0,8
08-578	Heilsugæslustöðin Hveragerði		0,1	0,2	0,5	0,3	0,2	1,2
08-579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0,1			0,2	0,0	0,0	0,3
08-582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	0,9	0,5	0,2	2,7	0,3	1,1	5,7
08-583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	0,2	0,0	0,1	0,4	1,1	1,0	2,9
08-584	Heilsugæsla í Kópavogi	0,9	1,0	3,1	1,6	3,8	5,7	16,2
08-585	Heilsugæslust. Seltjarnarnesi	0,2		0,6	0,5	0,6	0,9	2,8
08-586	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	0,2	0,2	0,5	0,1	0,0	0,1	1,1
08-621	Forvarnasjóður	0,5	0,3	5,1	1,3	2,8	1,1	11,1
08-711	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	19,3	50,9	48,1	50,6	47,2	62,8	278,9
08-715	St. Fransiskusspítali, Stykkish.	1,7						1,7
08-721	Heilbrigðisstofn. Patreksfirði	0,4	1,2	1,3	1,2	3,6	4,7	12,4
08-725	Heilbrigðisstofn. Ísafjarðarbæ	4,5	7,0	10,9	13,1	24,2	37,1	96,9
08-731	Heilbrigðisstofn. Bolungarvík	0,7	0,6	0,8	0,8	2,1	7,6	12,6
08-735	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	0,3	0,2	0,6	0,9	10,3	27,6	39,8
08-741	Heilbrigðisstofn Hvammstanga	0,5	0,5	0,2	0,2	0,3	0,3	2,0
08-745	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	1,3	0,9	1,1	8,1	2,3	1,8	15,4
08-751	Heilbrigðisstofn. Sauðárkróki	0,9	5,3	19,2	15,2	13,5	14,8	68,9
08-755	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	0,3	0,3	0,7	2,1	3,7	3,0	10,2
08-761	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	19,5	28,1	26,4	28,9	36,7	42,3	181,9
08-765	Heilbrigðisstofn. Egilsstöðum	2,4	4,7					7,1
08-771	Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði	0,9	0,7					1,6
08-775	Heilbrigðisstofn. Neskaupstað	0,9	1,8					2,7
08-777	Heilbrigðisstofnun Austurlands		0,2	18,7	26,2	30,5	46,0	121,6
08-781	Heilbrigðisst. Vestmannaeyjum	5,0	7,1	9,2	9,2	10,7	7,0	48,2
08-785	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	9,0	19,2	18,3	23,7	18,8	20,2	109,4
08-791	Heilbrigðisstof. Suðurnesjum	16,4	46,9	61,6	67,1	70,7	95,4	358,0
08-795	Heilbrigðisstofn. Suðurnesjum						131,7	131,7
08-996	Íslenska upplýsingasamfélagið		0,3	1,0	6,0	1,0	0,5	8,8
		<b>587,8</b>	<b>727,4</b>	<b>788,1</b>	<b>1.018,5</b>	<b>1.028,2</b>	<b>1.215,9</b>	<b>5.365,8</b>
09-101	Fjármálarn., aðalskrifstofa	5,4	7,3	8,5	12,1	6,7	11,5	51,6
09-103	Fjársýsla ríkisins	0,5	0,1	0,1	0,2	300,0	82,4	383,4
09-104	Ríkisfjárhirsla	0,3	0,4	0,2	0,1	0,0		0,9
09-105	Ríkislögmaður	0,4	0,0					0,4
09-201	Ríkisskattstjóri	0,7	1,4	1,1	0,4	1,2	89,0	93,8
09-202	Skattstofan í Reykjavík	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,2
09-203	Skattstofa Vesturlands				0,0	0,0	0,0	0,0
09-204	Skattstofa Vestfjarða	0,0		0,0				0,0
09-205	Skattstofa Norðurlands vestra	0,0	0,0	0,0		0,0	0,0	0,0
09-206	Skattstofa Norðurlands eystra		0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
09-207	Skattstofa Austurlands	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
09-208	Skattstofa Suðurlands	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1
09-209	Skattstofa Vestmannaeyja					0,0		0,0
09-211	Skattstofa Reykjaness	0,0	0,0	0,0	0,0	1,2	0,0	1,4
09-212	Skatta- og tollamál, ýmis útgj.			0,1	3,4	0,5	1,7	5,6
09-214	Yfirs kattanevnd	0,7	0,7	0,2	1,0	2,4	2,5	7,5
09-215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	0,3	0,4	0,2	0,6	6,3	6,5	14,3
09-250	Innheimtukostnaður	27,5	42,9	38,6	33,0	26,5	43,0	211,5
09-251	Gjaldheimtan í Rvík, lokauppgj	14,9						14,9

09-261	Ríkistollstjóri	0,8	1,9	1,8	0,0			4,5
09-262	Tollstjórinn í Reykjavík	-2,9	-1,0	-5,4	-5,5	-6,2	-8,1	-29,2
09-381	Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun					9,0	10,8	19,8
09-385	Mótframlag v/viðbótarlífeyrissp					0,7		0,7
09-402	Fasteignamat ríkisins	6,4	5,8	12,1	10,1	20,1	20,1	74,6
09-481	Útgjöld skv. heimildarákv.		0,0					0,0
09-901	Framkvæmdasýsla ríkisins	13,3	8,5	7,4	5,8	3,2	1,3	39,6
09-905	Ríkiskaup	0,5	2,2	1,6	0,5	5,4	15,4	25,5
09-972	Lánasýsla ríkisins	0,3	3,5	5,6	4,6	3,4	2,1	19,6
09-980	Rekstrarfél. stj.r.b. v.Arnarhól	0,7	0,1	0,4	1,4	0,1	0,8	3,4
09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	1,9	1,9	2,9	1,3	8,8	5,2	22,0
09-984	Fasteignir ríkissjóðs	37,0	47,9	26,6	20,8	43,5	45,0	220,8
09-995	Skýrsluvélakostnaður	1,7	0,8	18,4	172,5			193,5
09-996	Íslenska upplýsingasamfélagið			1,9	0,0			1,9
09-999	Ýmis verkefni	40,8	36,3	28,5	28,8	30,1	44,2	208,7
		<b>151,1</b>	<b>161,4</b>	<b>150,9</b>	<b>291,2</b>	<b>462,8</b>	<b>373,6</b>	<b>1.591,1</b>
10-101	Samgöngurn., aðalskrifstofa	14,0	10,3	14,9	10,4	8,1	6,2	63,9
10-190	Ýmis verkefni	4,2	7,0	5,6	5,3	3,1	4,5	29,7
10-211	Vegagerðin	259,8	367,6	445,2	529,3	600,2	1.012,3	3.214,4
10-335	Siglingastofnun Íslands	8,7	7,8	10,5	15,2	15,4	13,7	71,3
10-336	Hafnabótasjóður					1,3		1,3
10-381	Hafnabótasjóður					3,0	1,5	4,5
10-471	Flugmálastjórn	84,2	157,1	189,8	189,1	217,2	205,9	1.043,3
10-481	Rannsóknanevnd flugslysa	0,1	0,0	0,1	0,8	0,8	0,0	1,8
10-512	Póst- og fjarskiptastofnunin	0,6	2,9	4,3	2,4	11,3	13,2	34,8
10-651	Ferðamálaráð	21,2	29,1	25,1	17,1	23,6	29,4	145,4
		<b>392,8</b>	<b>581,8</b>	<b>695,4</b>	<b>769,6</b>	<b>882,6</b>	<b>1.288,2</b>	<b>4.610,4</b>
11-101	Iðnaðarn., aðalskrifstofa	2,3	4,0	0,2	0,8	0,5	0,2	7,9
11-102	Einkaleyfastofan	3,9	4,7	3,9	5,8	4,6	3,0	26,0
11-201	Iðntæknistofnun Íslands	18,3	20,7	15,5	16,4	15,2	13,1	99,3
11-203	Rannsóknast. byggingariðn.	17,2	14,4	9,1	5,4	5,1	6,6	57,8
11-240	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	3,0	2,9	1,2	1,0	4,8	4,9	17,8
11-299	Iðja og iðnaður, framlög	13,9	14,1	18,2	12,7	11,6	6,5	77,0
11-301	Orkustofnun	20,3	27,7	56,8	94,8	109,1	372,0	680,7
11-373	Orkusjóður					0,2		0,2
11-399	Ýmis orkumál	1,4	3,9	3,7	4,2	2,9	3,8	20,0
11-401	Byggðaaætlun					9,0	11,5	20,5
11-411	Byggðastofnun				2,7	1,7		4,5
		<b>80,3</b>	<b>92,2</b>	<b>108,7</b>	<b>143,8</b>	<b>164,6</b>	<b>421,9</b>	<b>1.011,5</b>
12-101	Viðskiptarn., aðalskrifstofa	7,2	10,0	4,9	3,8	3,9	1,5	31,3
12-190	Ýmis verkefni	4,1	1,3	0,1	1,2	2,7	2,5	11,9
12-302	Löggildingarstofa	4,0	9,4	12,4	14,5	16,7	8,6	65,5
12-401	Vátryggingaeftirlitið	0,5						0,5
12-402	Fjármálaeftirlitið		2,8	3,8	4,9	2,6	1,3	15,4
12-902	Samkeppnisstofnun	1,1	3,8	7,7	9,3	3,5	7,2	32,5
		<b>16,8</b>	<b>27,3</b>	<b>28,8</b>	<b>33,8</b>	<b>29,3</b>	<b>21,0</b>	<b>157,0</b>
13-101	Hagstofa Ísl., aðalskrifstofa	2,6	1,7	1,5	2,1	10,4	8,8	27,1
		<b>2,6</b>	<b>1,7</b>	<b>1,5</b>	<b>2,1</b>	<b>10,4</b>	<b>8,8</b>	<b>27,1</b>
14-101	Umhverfism., aðalskrifstofa	1,6	2,6	10,1	8,1	4,2	1,1	27,7
14-190	Ýmis verkefni	10,8	3,6	4,3	25,3	36,7	31,0	111,6
14-202	Náttúruvernd st við Mývatn	1,7	1,6	0,7	3,5	2,5	0,6	10,8
14-205	Náttúruvernd ríkisins	6,0	9,7	6,5	5,7	8,0	0,0	35,8
14-210	Veiðistjóri	0,1	0,0	0,0	0,5	0,4	0,0	1,0

14-211	Veiðistjóri							43,4	43,4
14-213	Hreindýraráð	0,1	0,1	0,2	0,4	1,0			1,7
14-221	Hollustuvernd ríkisins	7,1	3,8	3,3	3,8	41,4	0,0		59,4
14-281	Styrkir til fráveitna sveitarfél.		0,0			2,1	0,1		2,2
14-283	Hreinsun umhverfis				2,8				2,8
14-285	Spilliefnasjóður	0,6	0,5	0,6	0,6				2,3
14-287	Spilliefnasjóður							22,8	22,8
14-301	Skipulagsstofnun	9,1	5,4	4,8	3,7	3,3	2,5		28,9
14-303	Skipulagsmál sveitarfélaga				0,3				0,3
14-310	Landmælingar Íslands	3,3	5,7	17,1	43,1	36,9	24,2		130,3
14-321	Brunamálastofnun ríkisins	6,0	3,5	3,9	12,4	12,5	10,8		49,2
14-381	Ofanflóðasjóður	1,5	0,8	3,9	12,5	8,6	12,1		39,5
14-401	Náttúrufræðistofnun Íslands	1,8	1,7	16,0	21,5	11,1	6,5		58,6
14-407	Stofn. Vilhjálms Stefánssonar		0,4	1,6	5,2	0,3	0,1		7,6
14-410	Veðurstofa Íslands	18,4	27,2	26,3	19,4	32,9	19,1		143,4
		<b>68,1</b>	<b>66,7</b>	<b>99,4</b>	<b>168,9</b>	<b>201,9</b>	<b>174,4</b>		<b>779,4</b>
22-974	Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,3		-0,1	0,2				0,4
		<b>0,3</b>		<b>-0,1</b>	<b>0,2</b>				<b>0,4</b>
		2.191,9	2.734,9	3.256,7	3.859,2	4.444,3	5.186,4		21.673,4

Heimild: Bókhalds- og áætlanagerfi ríkisins

Afrit: Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður